

# Minnisblað

Til:  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir  
Dags. 21. ágúst 2020  
Mnr. 2019100098



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Landsfundur *Upplýsingar* 2020/2021

Þann 23. október 2019 barst Ísafjarðarbæ styrkbeiðni Pernillu Rein, verkefnastjóra á Bókasafninu Ísafirði, þar sem óskað var eftir aðkomu Ísafjarðarbæjar vegna móttöku í tengslum við Landsfund *Upplýsingar* sem fram átti að fara á Ísafirði í september 2020.

*Upplýsing* er fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsingafræða, og í fyrsta skipti átti landsfundur að vera haldinn á Ísafirði. Í bréfinu kemur fram að í tengslum við landsfundi félagsins er hefð fyrir móttöku fyrir gesti í boði viðkomandi sveitarfélags. Áætlaður kostnaður er kr. 350.000.

Á 1081. fundi bæjarráðs, þann 4. nóvember 2019, var bréfið lagt fram og bæjarstjóra jafnframt boðið til fundarins. Bæjarráð fól bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

Niðurstaða málsins var sú að í febrúar 2020 var styrkbeiðni samþykkt, og heimild veitt til notkunar á fé skv. fjárhagsáætlun á lykli 21510, risna, móttökur og kynningarmál.

Vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19 verður umræddum landsfundi frestað um eitt ár og hefur Pernilla Rein óskað eftir upplýsingum um hvort veittur styrkur standi áfram til boða á árinu 2021.

**Sviðsstjóri óskar því eftir heimild bæjarráðs til að umræddri styrkfjárhæð verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2021.**